

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

326. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins að Gylfaflöt 5, mánudaginn 21.10.2013, kl. 07:30.

### Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson. Fulltrúar Garðabæjar boðuðu forföll.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Gestur fundarins undir 2. lið er Guðmundur Ólafsson frá Mannvit verkfræðistofu.

### Tekið fyrir:

**1. Vinna verktaka í móttökustöð**

GT verktakar ehf. hafa tjáð byggðasamlaginu að þeir geti ekki staðið við samning sinn. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa útboð.

**2. Sölufyrirkomulag á metani.**

Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa útboð.

**3. Bréf Íslenska Gámafélagsins / Krafa um upplýsingar.**

Lagt fram bréf frá ÓK lögmönnum fyrir hönd Íslenska Gámafélagsins dagsett 10. október 2013. Efni: Krafa um upplýsingar um á hvaða hátt SORPA bs hafi greitt 45 milljóna króna stjórnvaldssekt þá er Samkeppniseftirlitið dæmdi fyrirtækið til greiðslu á. Lagt fram svarbréf byggðasamlagsins dagsett 17. október 2013.

**4. Bréf Íslenska Gámafélagsins vegna skráningar á úrgangi í böggum sem berast til urðunar.**

Lagt fram bréf frá ÓK lögmönnum f.h. Íslenska Gámafélagsins dagsett 10. október 2013. Efni: Krafa um rökstuðning.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 19. júní 2009. Efni: Starfsleyfi þeirra er skila böggum úrgangi til urðunar í Álfsnesi og skráning úrgangs.

Lagt fram svarbréf framkvæmdastjóra, dagsett 16. október 2013, við bréfi ÓK lögmanna.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 11. nóvember 2013 klukkan 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.20.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ómar Stefánsson  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Björn H. Halldórsson  
Sigríður B. Einarsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Karl Sigurðsson  
Björn H.